



FUNDARGERÐ
23. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 21. janúar 2020
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Elín Grétarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn undir lið 1. Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs 2020 - 2001020

Rekstraryfirlit jan-des 2019

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstraryfirlit Odda bs miðað við áramót 2019/2020.

2. Umsókn um námsstyrk til náms í leikskólafræðum. - 1609035

Fyrirspurnir varðandi leikskólatengt nám.

Fyrirspurnir hafa borist frá starfsfólki á leikskólum Odda bs hvort að BA nám í Sálfræði og BA nám í Þroskaþjálfun teljist styrkhæft skv. "Átaki til eflingar leikskólastigsins". Reglur Odda bs. um námsstyrkina miðast við leikskólafræði og það er niðurstaða stjórnar Odda bs að þetta nám falli ekki undir styrkhæft nám.

3. Skipulag forskólakennslu - 1911025

Erindi frá Tónlistarskóla Rangæinga.

Málið hefur verið rætt við skólustjóra Grunnskóla Odda bs og gera þeir ekki athugasemd við að hópastærð í forskólakennslu miðist við 5 nemendur. Stjórn Odda bs samþykkir því samhljóða að hópastærðin verði miðuð við 5 nemendur enda er kostnaðaraukning óveruleg og rúmast innan fjárhagsáætlunar.

4. Rekstrarkostnaður grunn- og leikskóla - yfirlit 2018 - 2001029

Frá Sambandi Íslenska Sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð yfirlitin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:05.

MHG
B

Björk Grétarsdóttir
Björk Grétarsdóttir

Haraldur Eiríksson
Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berggá Ólafsdóttir
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Elín Grétarsdóttir
Elín Grétarsdóttir
